



„Útnesjamenn" kolkrítarmynd eftir Jóhannes S. Kjarval. Þessa mynd gáfu börn þeirra Grethe og Ragnars Kjarvalsstöðum árið 1973. Nú hefur verið gert við myndina, sem var fremur illa farin, og verður hún sýnd í fyrsta sinn á þessari sýningu.

„Úr fórum Grethe og Ragnars Ásgeirssonar"

Sýning á merku einkasafni að Kjarvalsstöðum

„ÚR FÓRUM Grethe og Ragnars Ásgeirssonar" nefnist sýning sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag. Hér er um að ræða einstætt safn málverka er þau hjónin, Grethe og Ragnar, eignuðust á tímabilinu frá um 1920 til 1960. Á sýningunni verða rúmlega 150 myndir, — þar af um 80 verk eftir Jóhannes S. Kjarval, um 30 eftir Gunnlaug Scheving, um 30 eftir Höskuld Björnsson, svo og nokkrar myndir eftir Guðmund frá Miðdal og fáeinar fágætar myndir eftir Ásgrím Jónsson. Kjarvalsstaðir standa fyrir sýningunni í samvinnu við afkomendur Grethe og Ragnars.



Hjónin Grethe og Ragnar Ásgeirsson

Ragnar Ásgeirsson fæddist árið 1895. Hann stundaði nám í garðyrkju í Kaupmannahöfn en þar komst hann í kynni við listasöfn og listamenn, og vaknaði þá hjá honum sá listáhugi er entist til æfiloka. Árið 1915 kynntist hann Jóhannesi Kjarval, sem þá stundaði nám við listaháskólann í Kaupmannahöfn, og var það upphaf langrar vináttu. Eftir heimkomuna ritaði Ragnar mikið um listir og listsýningar og gerði mikið til að glæða áhuga á slíku hérlendis. Hann átti um skeið sæti í Menntamálaráði, og beitti sér þá m.a. fyrir því að íslenzka ríkið keypti hið kunna mannamyndasafn Kjarvals. Vegna afskipta sinna af þessum málum kynntist Ragnar mörgum listamönnum, m.a. Einari Jónssyni, Gunnlaugi Scheving og Höskuldi Björnssyni. Dvöldust sumir þeirra löngum á heimili þeirra hjóna, og tókst Ragnari á ýmsan hátt að greiða götu þeirra, svo sem sendibréf þeirra bera ljósan vott um.

Elzta myndin á sýningunni er radering eftir Rembrandt, sem Grethe kom með í búið frá foreldrum sínum í Danmörku. Elztu íslenzku verkin eru eftir Ásgrím Jónsson, lítið olíumálverk málað í Borgarfirði 1904 sem Einar Jónsson gaf Ragnari, tvö málverk frá 1906, og lítið málverk af „Djáknanum á Myrká" sem Kjarval gaf Ragnari.

Ragnar Ásgeirsson lést árið 1973. Börn hans fjögur, — Eva, Haukur, Sigrún og Úlfur — gáfu þá Kjarvalsstöðum fimm verk eftir Kjarval og eru þrjú þeirra nú á sýningunni, — tvær rauðkrítarmyndir, önnur sjálfsmynd Kjarvals og hin af Ragnari, og svo stór kolateikning — frummynd af veggmynd í Landsbanka Íslands.

Það er næsta fátítt að haldnar séu sýningar á einkasöfnum hér á landi. Safn Grethe og Ragnars, sem nú kemur fyrir almenningssjónir, bregður upp verðmætri mynd af ferli nokkurra fremstu listamanna okkar. Stjórn Kjarvalsstaða telur mikils virði að þessari sýningu var komið upp og að hér sé um mikinn listviðburð að ræða.


Matthías Bjarnason gagnrýnir Útvarpið:

Einkennilegt að skýra þurfi frá heimsókn ráðherra til Akraness!

„JAFNHLIÐA fréttum af opinberri heimsókn forseta Íslands til Danmerkur, er skýrt ítarlega frá opinberri heimsókn forsætisráðherra Íslands til Akraness, og er þetta nýr fréttaflutningsmáti, sennilega til kominn vegna beiðni ríkisstjórnarinnar," sagði Matthías Bjarnason alþingismaður í ræðu á Alþingi í gær. Sagði Matthías, að líklega ætlaði ríkisstjórnin með þessu að festa þá trú í sessi, að forsætisráðherra væri „þjóðarleiðtogi og alveg sérstaklega vinsæll í landi sínu. Því verða opinberir fréttamiðlar að fylgja slíkum þjóðarleiðtoga eftir og endursegja það sem hann lætur frá sér fara."

Þá gagnrýndi Matthías einnig, að Ríkisútvarpið teldi ástæðu til að taka upp eftir forsætisráðherra þau ummæli á Akranesi, að stjórnarandstaðan ætlaði að efna til málþófs um bráðabirgðalögin. Þetta kvað Matthías alrangt, ekki væri um málþóf að ræða þó þingmenn vildu ræða svo mikilvægt mál sem það er hér um ræddi. Gunnar Thoroddsen hefði á hinn bóginn sjálfur tafið fyrir afgreiðslu málsins með för sinni upp á Akranes, því ekki væri eðlilegt að langar umræður yrðu um málið að honum fjarstöddum.

Undir gagnrýni Matthíasar tóku þingmennirnir Halldór Blöndal og Friðrik Sophusson. Friðrik sagði fréttaflutning útvarps í hádegisfréttum um ferðalag forsætisráðherra upp á Akranes því undarlegri, sem í sama fréttatíma hefði stærstu frétt dagsins verið sleppt. En það væri afgreiðsla ríkisstjórnarinnar á kaupum á Þórshafnartogaranum fyrr um morguninn, það er í gærmorgun.



Prútt-markaðurinn

í Sýningarhöllinni Bíldshöfða

Opið í dag frá kl. 1—7 e.h.,
á morgun frá kl. 9—4 e.h.

Fatnaður s.s.:

★ Herraföt ★ Stakir jakkar ★ Terylenebuxur ★ Riffluðar flauelsbuxur ★ Denim gallabuxur ★ Dúnwattjakkar ★ Blússur ★ Skyrtur ★ Peysur ★ Kjólar ★ Kápur ★ Pils ★ Dömu- og barnaskór

Fundur foreldra barna á dagvistunarheimilum í Kópavogi:

Starfsmannafélag Kópavogs hraði viðræðum

ÞANN 25. febr. 1981 var haldinn fundur um dagvistarmálin í Kópavogi. Til fundarins var boðað af nokkrum foreldrum barna á dagvistarheimilum í Kópavogi og var fulltrúum bæjaryfirvalda og fulltrúum fóstra boðið til fundarins. Eftir að fulltrúar bæjaryfirvalda og fóstra höfðu gert grein fyrir afstöðu sinni og svarað fyrirspurnum viku þeir af fundi og foreldrar ræddu málin áfram.

Eftirfarandi samþykktir voru gerðar:

Fundur foreldra barna á dagvistarheimilum í Kópavogi haldinn 25. febr. skorar á Starfsmannafélag Kópavogs að beita sér fyrir því að hraða viðræðum við bæjarráð um lausn á kjaradeilu fóstra og bæjarins.

Fundur foreldra barna á dagvistarheimilum í Kópavogi haldinn í Víghólaskóla 25. febr. 1981 leggur áherslu á mikilvægi þeirra starfa sem fóstrur vinna og telur nauðsynlegt að laun þeirra verði í samræmi við þá ábyrgð sem þær bera.

Fundurinn telur hættu á að hæfir starfskraftar veljist ekki framvegis til fóstrustarfa ef starfið er ekki metið til launa að verðleikum.

Fundur foreldra barna á dagvistarheimilum í Kópavogi haldinn 25. febr. skorar á deiluaðila, fóstrur og bæjaryfirvöld, að leysa launamál sem fyrst.

Fundur foreldra barna á dagvistarheimilum í Kópavogi haldinn 25. febr. 1981 ákveður að boða til stofnfundar foreldrafélags. Fundurinn kýs undirbúningsnefnd stofnfundar.

Athugasemdir

Albert Einarsson, sem var fundarstjóri á fundi foreldra barna á dagvistarheimilum í Kópavogi er fram fór 25. þ.m., gerði athugasemd við orðalag Eggerts Haukssonar í frétt sem birtist í Morgunblaðinu 26. þ.m. þar sem hann segir að „hugmyndin, að ganga frá stuðningsyfirlýsingu við málstað fóstra í málinu", hefði orðið undir á fundinum. Þessi hugmynd var að sögn Alberts aldrei borin undir atkvæði á fundinum og því ekki um það að ræða að hún hefði orðið undir.

Þá gerði Albert athugasemd við orðalag Eggerts er hann segir: „Þá kom það fram hjá a.m.k. 75% ræðumanna, að þeir teldu ekki, að svona kjarabaráttа ætti að fara fram nema í gegnum kjarasamninga. Taldi Albert þetta hæpið orðalag sem gæfi villandi hugmynd um afstöðu manna á fundinum.

— o —

Sigurður Þórir Jónsson og Hákon Sigurgrímsson, sem báðir sátu fund foreldra barna á dagvistarheimilum í Kópavogi, sem haldinn var í fyrrakvöld, höfðu samband við Mbl. vegna fréttar blaðsins um fundinn, þar sem haft var eftir einum fundarmanna, að andrúmsloftið á fundinum hefði verið frekar andstætt fóstrum, og sú hugmynd, að lýsa yfir stuðningi við þær í kjarabaráttu sinni hefði orðið undir.

Töldu þeir Sigurður og Hákon þarna hallað réttu máli, mjög mikill meirihluti fundarmanna hefði verið á bandi fóstra enda væri tillaga, sem Hákon flutti á fundinum og var samþykkt með atkvæðum langflestra fundarmanna, glöggt dæmi þar um. Ástæður þess, að fundarmenn hefðu samþykkt tillögu frá Eggert Haukssyni, þar sem skorað var á fóstrur og bæjaryfirvöld að ganga þegar til samninga, væru einfaldlega þær, að menn vildu fá lausn málsins. Sigurður gat þess þó, að þó nokkrir hefðu ekki greitt tillögu Eggerts atkvæði, þar á meðal hann sjálfur.

„Varðandi þær fullyrðingar Eggerts, að 75% ræðumanna hefðu tekið afstöðu gegn þessum kjarabaráttuaðferðum fóstra, þá er þar til að taka, að ræðumenn voru formlega aðeins fjórir og þar af var það einungis Eggert og annar maður til, sem tóku þessa afstöðu. Það er því erfitt að finna út hvar Eggert finnur þessi 75%," sagði Sigurður ennfremur.



Vá þú mátt prútta

Fyrir þá sem sauma sjálfir

og vantar góð efni, bjóðum við m.a. tweed, 100% ull, fínflauel, ytra byrði á úlpum, poplín, canvas, twill, denim, náttefni allskonar o.m.fl.



Karnabær
Belgjagerðin
Saumastofa
Karnabæjar